

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2018, föstudaginn 23. maí, var haldinn 391. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Fundarstjóri: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður. Viðstödd: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson, Einar Þirkir Einarsson og Hafsteinn Pálsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson boðuðu forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar
Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður óformlegrar verðkönnunar á tilboðum í fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar. Leitað var til bankastofnana og Lánasjóðs sveitarfélaga í lánalínu og lán til 6 og 15 ára með mismunandi kjörum. Tillögur framkvæmdastjóra samþykktar.
2. Viðræður Kölku sf. og SORPU bs.
Formaður stjórnar, framkvæmdastjóri ásamt fulltrúa Capacent kynna stöðuna í viðræðum SORPU og Kölku um hugsanlega sameiningu sbr. viljayfirlýsingu stjórna fyrirtækjanna. Málið rætt. Stjórn leggur áherslu á að verkefnið verði kynnt nýjum sveitarstjórnnum við fyrsta tækifæri eftir að ný stjórn SORPU hefur fjallað um málið. Gestur fundarins undir lið 2 var Ásgeir Runólfsson frá Capacent
3. Málefni Góða Hirðisins.
Framkvæmdastjóri fer yfir rekstur Góða Hirðisins. Málið rætt.
4. Samningur við SOS um móttöku úrgans af Suðurlandi.
Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri greina frá fundi fulltrúa SSH og SOS sem haldinn var þann 9. maí sl. Lögð fram ósk SOS um framlengingu út júní mánuð. Málið rætt. Stjórn samþykkir að framlengja samninginn til loka júní. Stjórn áréttar mikilvægi þess að SOS vinni eindregið að lausn fyrir urðunarstað á Suðurlandi. Viðræðum vegna sameiginlegra lausna í sorpmálum verði haldið áfram af fullum krafti í upphafi nýs kjörtímabils.
5. Viðbót við kjarasamning SORPU við Eflingu og Hlíf
Framkvæmdastjóri greinir frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi við Eflingu og Hlíf vegna ákvæða um leiðréttingar á lífeyrismálum. Yfirverkfræðingur fer yfir áætluð áhrif breytinganna á útgjöld SORPU. Launagreiðslur á enduvinnslustöðvunum munu hækka um 7,5 milljónir á árinu 2018 en um 4,1 milljónir árin þar á eftir. Heildar launagreiðslur SORPU munu hækka um ca. 15,1 milljón árið 2018 en 11,2 milljónir árin þar á eftir.
6. Dísel úr plasti
Framkvæmdastjóri greinir frá stöðu í undirbúningi þróunarverkefnis um vinnslu dísel úr úrgangsplasti.
7. Samanburður rekstrar og áætlunar
Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðaðan samanburð á áætlun og rekstri fyrstu 3 mánuði ársins 2018.
8. Næsti fundur
Næsti fundur ákveðinn síðar. Að óbreyttu er þetta síðasti fundur þessarar stjórnar og þakkar framkvæmdastjóri og starfsmenn gott samstarf á liðnu kjörtímabili.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 10:10